

Sigurður Jónasson:

Starfsskýrsla skógarvarðarins

í Skagafirði

1952

## STARFSKYRSLA.

Sigurðar Jónassonar, Laugarbrekku, árið 1952.

Girðingar. Viðhald girðinga var nokkuð mikið á árinu, fóru þær víða undir fönn um veturinn og varð að girða ofan á snjóinn, til að fyrirbyggja að búfé spilti trjágróri.

Meðan snjóalögin voru mest komust stundum útigangshross inn í trjáreiti, en ekki mun það hafa valdið tjóni, enda var lítið eftir girðingunum og kostað kapps um að halda þeim gripveldum eftir því sem frekast var kostur á.

Hér er það ekki litill þáttur í starfi skógarvarðara að annast eftirlit með skógarreitum að vetrarlagi. Víða er með öllu ómögulegt að gera girðingarnar þannig úr garði, að ekki geti þær farið undur fönn í snjóavetrum. Er þá hattan yfirvofandi, að beitarpeningur, einkum útigangshross, geri stórskaða í trjáreitunum.

Undir slíkum kringumstæðum þarf að vera vel á verði að fylgjast með hattunni og stemma stigu fyrir henni.

Við allar skógraktargirðingar þarf að vera til girðing, arefni, sem grípa má til að vetrarlagi ef þörf krefur.

Yfirleitt voru girðingar haldur illa farnar eftir veturinn og þurftu nokkurar viðgerðar við.

Tvær nýjar skógraktargirðingar voru settar upp í Skagafirði á árinu.

Önnur að Ulfstöðum í Blönduhlíð. Var þar girt land innan tunggirðingar, 3 ha. að flatarmáli. Girðingarefni: Virnet og gaddavír, staurar úr járni og íslensku birki.

Skógrákt Ríkisins kostar girðinguna.

Hin girðingin var sett upp að Brekku í Seyluhreppi. Landástarð 2 ha. Gaddavírsgirðing 6 þatt. Staurar úr rekaviði.

Girðingin kostuð af jarðareiganda.

Binnið var girt af 2 ha. á mýrarsundinu við Reykjarnólsgirðingu að sunnan. Er land það atlað til ræktunar fyrir skógarvörðinn í Laugarbrekku.

Mælt var fyrir annari skógraktargirðingu í Ulfstaðalandi í Blönduhlíð, og verður hún vantanlega sett upp á næsta ári.

Græðireiturinn. Í, vor afgreiddi ég frá frá Laugarbrekku 26.787 st. trjáplöntur. Voru þær gróðursettar í Skagafirði og Húnavatnsýslum. Plönturnar flutti ég til kaupenda og leiðbeindi við gróðursetningu. Voru það eftir taldar tegundir:

Skógarplöntur.	Birki.....V..14800 st.
"	Fura .....M. 5585 "
"	Sitkagr.....M. 1992 "
"	Rauðgr.        V 2420 "

Garðplöntur. ✓	Ösp .....	219 st.
"	✓ Reynir.....	369 "
"	✓ Birki.....	262 "
"	✓ Lerki .....	341 "
"	✓ Fura .....	268 "
"	✓ Rauðgr.....	186 "
"	✓ Sitkagr.....	177 "
"	✓ Viðir .....	168

Samtals..... 26.787 st.

Dreifsett. Skógarfura 552 st. Birki 168 st. Rauðgreni 552 st.

Sitkagreni 504 st. Samtals 1776 st..

Sáning. Sáning fór fram dagana 15. - 20. júní. Sáð var í alls 390 fermetra, þar af 290 fm. ný beð. Af þeim eru 74 fm. í reit Skógræktarfélagsskagfirðinga við Laugarbrekku, en 216 fm. í Reykjarhólsgirðingu, sunnanhalt í Reykjarhólnum. Sáð var mestmegnis birkifræi eða í 316 fm. Framagn 14 kg. Fura 35 fæm. frá 0,400 kg. Hvítgreni 30 fm. frá 0,200 kg.. Reynir 10 fm. frá 2kg.

Áburður. Húsdýraáburður og tilbúinn áburður var borinn í frabeðin. Magn per. 100 fm: Húsdýraáburður 850 kg., kalksalp. 4 kg., þrifosf. 3 kg. og kalí 3 kg..

Vöxtur í frabeðum ofl. Hins og kunnugt er, var vorið með fádæmum kalt og þurrviðrasamt, kom það sérstaklega hart niður á eins árs plöntunum, enda bar nokkuð á vanhöldum í þeim.

Sáð var með seinna móti vegna vorkuldanna. Spírun í frabeðum var fremur góð, en mikillar vökvunar þurfti við, því að úrkomur voru nær engar allan spírunartímann.

I Reykjarhólsgirðingu næst ekki sjálfrennandi vatn í fræbeðin, og varð eg því að grafa brunn sunnan við hólinn og dæla þaðan vatninu að fræbeðunum.

Ekki er hægt að segja um það með vissu hvað mikið verður hér af söluhafum plöntum í vor, þar það eftir vetrinum og vorinu hvað mikil vanhöld verða. Í haust gerði ég áttlun um söluhafar plöntur, og var hún á þessa leið:

Birki 2/0 . . . . .	21000 st.
Lerki 2/0 . . . . .	2000 "
Lerki 3/0 . . . . .	2000 "
Fura 3/0 . . . . .	2500 "
Birki 3/0 . . . . .	500 "
Rauðgr. 2/1 . . . . .	500 "
Fura 2/1 . . . . .	500 "
Sitkag. 2/2 . . . . .	500 "

Samtals 29.500

I vor byrjaði að springa út á trjám um 20. maí, en þá kólnaði og héldust kuldar og næturfrost fram yfir miðjan júní.

Yfirleitt var sumarið mjög kalt og því hægfara vöxtur á trjágróðri.

Lauffall hófst síðast í sept. og var því að mestu lokið 20. október.

Sáning í útjörð. Sáð var í skógræktargirðingu að Bjarnastaðahlíð í

Vesturdal 1 kg. birkifræ og 1/2 kg. furufræ.

Vegagerð. I vor var gerður bílfar vegur meðfram Reykjarhólsgirðingu

að sunnan, 300 m. á lengd. Er hann að nokkru gerður af uppmokstri ú framrazluskurði.

Ferðalög. Eins og að undanfögnu hafði ég nokkur ferðalög á árinu, leit eftir skógræktargirðingum í Skagafirði og Húnavatnssýslum, flutti allar trjáplöntur til kaupendanna og leiðbeindi við gróðursetningu og reitunum og í trjágörðum heima við bæi. Auk þess valdi ég land til skógræktar á nokkrum stöðum. Er hér örlítið yfirlit yfir helstu ferðalögin:

Frá áramótum til **apríl**oka fór ég til eftirtaldrastæða: Reynistað, Helluland, Sauðárkrókur 4 ferðir, Reykjavík, Vík, Birkihlíð, Langadal til Blönduóss, Vöglum, Hólum, Flatarföngu, Viðvík, Bólstaðahlíð og Blöndudalshólum.

Þessar ferðir eru að mestu leyti farnar til eftirlits með trjáreitum, einnið til að leiðbeina um val plantna og taka plöntupantanir. Ferðin til Reykjavíkur er gerð á fund Skógræktarstjóra.

Í maí og júní fór ég að: Flugumýri, Sveinsstöðum, Litluhlíð, Bakkakoti, Skörðugili 2 ferðir, Löngumýri, Svabastöðum, Hofdölum, Utanverðunesi 2 ferðir, Sauðárkróki 4 ferðir, Sumarhúsum, Silfrastöðum, Merkiigili, Akureyri, Húnavatnssýslur ferðalög í 4 daga, Hjaltadal, Vívík, Reykjavík, Kyrholt, Birkihlíð, Gauksmýri, Hvammstangi og Barkarstaðir í Miðfirði.

Þessar ferðir eru farnar vegna plöntuflutninga, leiðbeininga og aðstoðar við skógrækt ofl. Til Akureyrar fór ég

til að sitja þar aðalfund Skógræktarfélags Íslands.

Til Reykjavíkur fór ég með Norðmönnum, sem unnu við skógrækt hér norðan lands.

Í júlí og ágúst fór ég á þessa staði: Fitjum og Reykjaborg í Tungusveit, Hegranes, Geitaskarð, Skagaströnd, Blönduós, Ólafslund, Úlfsstaði, Akri, Hjaltastaði, Frostastaði, Sauðárkrók 2 ferðir, Viðvíkursveit, Fínnstungu og Löngumýri.

Þessar ferðir eru farnar af ýmsum ástæðum. Meðal annars plöntuflutningur, eftirlit, athugun á skilyrðum til skógræktar á nokkrum stöðum og fleira.

Frá sept. til áramóta fór ég um þarga áðurnefnda staði. Auk þess fór ég til Hindisvíkur á Vatnsnesi og maldi fyrir skógræktargirðingu. Minni kom ég að Haukagili og Hofi í Vatnsdal og maldi þar hæð trjána í reitunum. Í desember fór ég til Reykjavíkur á fund Skógræktarstjóra.

Laugarbrækku, 1. jan. 1953.

*Sigurður Þorsson*

11350  
10706  
22056

YFIRLIT

yfir tegundir og magn trjáplantna, afgreitt frá Laugarbrekku vorrið 1952. Samhv. meðfylgjandi skrá og reikningum.

Skógarplöntur:

√Birki.....	14800
√Fura .....	5585
√Sitkagreni.....	1992
√Rauðgreni .....	2420

11  
5585  
262  
5850

Gærðplöntur:

Ösp .....	219
√Reynir.....	369
√Birki .....	262
Lerki .....	341
√Fura .....	268
√Rauðgreni.....	186
√Sitkagreni.....	177
Viðir .....	168

1992  
186  
2169

Samtals 26787 st.